

Stjórnarfundur FEB nr. 479 þriðjudaginn 8. nóvember 2022

kl. 13.30 að Stangarhyl 4, 110 Reykjavík.

Mættir aðalmenn: Ingibjörg Sverrisdóttir, Ingibjörg Óskarsdóttir, Geir A. Guðsteinsson, Kári Jónasson, Sigurbjörg Gísladóttir, Halldór Frímansson, Viðar Eggertsson og Kristján Árnason
Fjarverandi; Kolbrún Stefánsdóttir og Ólafur Örn Ingólfsson.

Einnig sat stjórnarfundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

Dagskrá:

1. Grái herinn,

Rætt um nýfallin dóm Hæstaréttar um málefni Gráa hersins sem féll þeim í óhag. Næsti möguleiki er að áfrýja dómnum til Mannréttindadómstólsins í Strassbourg, en sú ákvörðun liggur ekki fyrir.

2. Kynningafundur Reykjavíkurborgar um húsnæðismál

Formaður húsnæðisnefndar FEB fór yfir þau mál sem tekin voru fyrir á umræddum fundi. Reykjavíkurborg er búin að gera og dreifa bæklingi um allt höfuðborgarsvæðið er varðar uppbyggingu í Reykjavík næstu misseri. Þar kemur m.a. fram viljrði borgarinnar er varðar lóðarúthlutun til handa Leigufélagi aldraðra.

3. Leigufélag aldraðra (LA)

Á síðasta ársfundi LA var kosin ný stjórn sem tekið hefur til starfa að krafti. Mörg aðkallandi mál eru þar í vinnslu.

4. Fréttir af starfsemi FEB.

Fyrir utan venjulega starfsemi í námskeiðum og félagsstarfi voru þrjár viðburðir settir inn í dagskrá félagsins fram að jólum – einn í hverjum mánuði.

- Sviðaveisla var haldin þann 29. okt. og gekk hún vel.
- Vetrarfagnaður FEB verður haldinn á Grímsborgum þann 10. nóv.
- Aðventustund með bókmenntaívafi verður haldin þann 8. des.

Síðla vetrar var stofnaður nýr klúbbur hjá FEB sem ber nafnið „Matarklúbbur FEB fyrir karlmenn 60+“ og fór skráning og ánægja fram úr björtustu vonum.

5. Ritstjórn Félagstíðinda FEB 2023

Ritstjórnin var stofnuð á fundinum og henni ætlað að funda hið minnsta einu sinni fyrir jól. Gert er ráð fyrir að blaðið komi út fyrir páska 2023.

6. Innra starf.

Vinnan er hafin og komnar tillögur að fastanefndum, verið er að móta almennt form/umgjörð fyrir allar nefndir FEB.

7. Ákveðið að halda aðventustund fyrir stjórn og starfsmenn FEB, þann 6. des.

8. Önnur mál.

Múlabær / Hlíðabær.

Verið að kanna að fá þriðja aðila inn í fulltrúaráðið í stað Rauða Kross Íslands sem ákvað að draga sig út. Viðræður eru í gangi við aðra aðila þess efnis. Stjórn FEB samþykkti þessa afgreiðslu fyrir sína hönd.

Fundi slitið kl. 15.55

Engilbjörg H. Gunnarsdóttir
Engilbjörg Óskarsdóttir
Harður Friðmannson
Geir A. Guðsteinsson
Þigurbjörg Guðadóttir

Fundargerð ritaði
Geir A. Guðsteinsson